

Fundargerð Hverfisráðs Raufarhafnar

5. febrúar 2026 kl. 15:00

Mættir voru: Margrét Rögnvaldsdóttir, Einar Sigurðsson og Bergdís Jóhannsdóttir. Einnig sat fundinn Nanna Steina Höskuldsdóttir, atvinnu- og samfélagsfulltrúi.

1. Skipunartími hverfisráðs

Byggðaráð lagði á fundi í janúar síðastliðnum til að skipunartími núverandi hverfisráða yrði framlengdur til 1. júní nk., þar sem fyrri skipun rann út í nóvember sl. Margrét, Einar og Reynir gefa áfram kost á sér til setu í ráðinu og Bergdís sem varamaður.

Hverfisráð leggur til að Margrét Rögnvaldsdóttir verði formaður á framhaldstímanum, samþykkt samhljóða. Ráðið óskar eftir nánari upplýsingum um hversu marga fundi heimilt er að halda á skipunartímabilinu.

2. Aðalskipulag – athugasemdir

Hverfisráð sendi inn athugasemdir við aðalskipulag Norðurljóssins í annað sinn á auglýsingar tímanum. Hverfisráð er ánægt með að tekið hafi verið tillit til margra athugasemda frá fyrri auglýsingum enda lagði ráðið mikla vinnu yfirferð á tímabilinu. Athugasemdir nú snúa að vindorkugarði og texta í greinargerð um heitt vatn. (Umsögn í viðhengi)

2. Aðalskipulag – Hnotasteinn

Hverfisráð Raufarhafnar lýsir yfir harðri andstöðu við þá ákvörðun vegna ákvörðunar sveitarstjórnar Norðurljóssins þann 23. janúar 2026 um að óska eftir því að vindorkukosturinn Hnotasteinn á Hólaheiði verði færður úr biðflokki í nýtingarflokk rammaáætlunar.

Hverfisráð telur að ósamræmi sé milli ákvörðunar sveitarstjórnar og þeirra markmiða, stefna og verndarviðmiða sem sveitarfélagið og íbúar hafa sett sér:

- Skerðing á gæðum Heimskautsgerðisins: Sýnileikagreiningar og fyrri umsagnir sýna að vindmyllur á Hnotasteini myndu sjást frá Heimskautsgerðinu, breyta sjóndeildarhring og skapa varanlega sjón- og ljósmengun. Það gengur gegn markmiðum aðalskipulags um að ekkert skyggi á sjóndeildarhring Heimskautsgerðisins, miðnætursól eða norðurljós.
- Ósamræmi við niðurstöður umhverfismatskýrslu https://www.nordurthing.is/static/files/Adalskipulag/2025-2045/102345-ask-002-v05-adalskipulag-nordurthing_umhverfismatsskýrsla.pdf í henni segir: „Stefna um vindorkuver hefur neikvæð áhrif á náttúruferir, verndargildi svæða og ásýnd svæða. Sama gildir um áhrif af stökum vindmyllum og heitavatnslögn en í minni skala. Til að draga úr áhrifum er sett stefna um að gæta skuli að náttúruvernd við orkunýtingu og lágmarka umhverfisáhrif. Mannvirki falli sem best að landslagi og annarri landnotkun og leitast verði við að koma í veg fyrir neikvæð áhrif á náttúru, landslag, menningarminjar og víðerni.“
Í gögnum sem liggja fyrir eru áhrif verkefnisins metin að verulegu leyti neikvæð. Þrátt fyrir það er óskað eftir færslu í nýtingarflokk án fullnægjandi rökstuðnings fyrir samfélagslegum ávinningi eða staðfestingu á staðbundnu raforkuöryggi.
- Ósamræmi við stefnu um brothættar byggðir og markaðssetningu svæðisins: Raufarhöfn og Melrakkaslétta eru markaðssett út frá ósnortinni víðáttu, kyrrð og náttúrutengdri ferðapjónustu. Iðnaðaruppbygging vindorkugarðs með háspennulínunum og þjónustuvegum grefur undan þessari sérstöðu og framtíðarmöguleikum ferðapjónustu.

- Ósamræmi við hlutverk Rannsóknarmiðstöðvarinnar Rif: Ljós- og sjónmengun og aukin umferð/vistfræðileg truflun í sjónmáli rannsóknasvæðis er ósamrýmanleg eðli starfseminnar og markmiðum um vöktun og vernd náttúrugæða.
- Ósamræmi við stefnu um Dark Sky: Sveitarfélagið hefur lýst vilja til að verða Dark Sky–svæði. Vindmyllugarður með viðvörunarljósum og ljósmengun er andstæður slíkri stefnu og rýrir forsendur fyrir stjörnuskoðun, norðurljósum og myrkri sem markaðssetning svæðisins byggir á.
- Óvissa um förgun spaða og mengunarhættu: Ekki liggja fyrir skýrar áætlanir um förgun spaða við endurnýjun (u.þ.b. á 25 ára fresti) né mat á mögulegri mengunarhættu. Óljós ábyrgð sveitarfélags vs. framkvæmdaraðila er ósamræmanleg varfærni og mengunarvörnum.
- Ósamræmi við stefnu um vernd víðerna og náttúruminja: Hnotasteinn liggur á viðkvæmum svæðum (m.a. fuglasvæði, jaðar óbyggðra víðerna, vatnsvernd og B-hluti náttúruminjaskrár). Áformin um vindmillur, þjónustuvegi og línur stangast á við verndarhlutverk þessara svæða.
- Takmörkuð staðbundin orkugreiða vs. staðbundin áhrif: Raforka fer inn á flutningskerfið og tryggir ekki sértækan ávinning fyrir Raufarhöfn, en áhrifin á náttúru, ásýnd og ferðaþjónustu eru staðbundin og varanleg. Þetta er ósamræmi milli áhættu og ávinnings fyrir nærsvæðið.
- Óafturkræf röskun á landslagi og ásýnd: Umfangsmikil jarðrask vegna vega, undirstaða spennustöðva og háspennulína er varanlegt og andstætt markmiðum um náttúruvernd og landslagsheildir sem skipulag sveitarfélagsins á að standa vörð um.
- Ósamræmi við skipulagsvald og ábyrgð: Sveitarfélagið hefur sjálft skipulagsvaldið og ber að gæta meðalhófs og varfærni. Að óska færslu í nýtingarflokk þvert á framangreind atriði er í ósamræmi við þá ábyrgð að verja hagsmuni íbúa, náttúru og áfangastaða sveitarfélagsins.

3. Vegurinn „upp á Höfða“

Hverfisráð hvetur Norðurþing til að setja fjármuni, og/eða óska eftir framlagi frá Vegagerðinni, til að keyra efni í veginn frá Raufarhafnarkirkju upp að Raufarhafnarvita.

Vegurinn er mjög holóttur og verður oft nær ófær í bleiutíð, sem hefur áhrif á öryggi, aðgengi og upplifun gesta og íbúa.

4. Heitt vatn.

Hverfisráð hvetur Norðurþing eindregið til að nýta þá styrki sem í boði eru hjá Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu og öðrum viðeigandi sjóðum til jarðhitaleitar og ráðast í markvissa leit að heitu vatni á Raufarhöfn.

Langt er síðan borað var eftir heitu vatni á svæðinu og hefur bæði tækni og búnaður tekið stórstígu framförum frá þeim tíma. Fyrri boranir hafa sýnt að heitt vatn er til staðar, þó ekki í nægilegu magni hingað til, og því er full ástæða til að endurmeta möguleika svæðisins með nútímatækni.

Ef heitt vatn finnst á Raufarhöfn gæti það haft afgerandi jákvæð áhrif á atvinnulíf, fyrirtæki og samfélagsþróun á svæðinu.

5. Orkusparnaður

Hverfisráð Raufarhafnar hvetur Norðurþing eindregið til að sækja um styrk í Orkusjóð eða aðra sjóði á vegum Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu til að ráðast í heildstæða orkusparnaðarvinnu fyrir fasteignir sveitarfélagsins á Raufarhöfn, t.d með áherslu á uppsetningu varmadæla.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 18:45

Undirritunarsíða

Fundargerð Hverfisráðs
Margrét Rögnvaldsdóttir

Einar E Sigurðsson

Bergdís Lína Jóhannsdóttir